


Peningaþvætti

Vápættir varðandi veðmál og spilakassa



Almennt

Einstaklingar eða lögaðilar sem hafa hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga, falla undir gildissvið laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. t-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, og teljast því vera tilkynningar-skyldir aðilar í skilningi laganna.

Ýmsar aðferðir og hættumerki (e. red flags) eru þekkt við að þvætta fé m.a. út frá dómaframkvæmd, rannsóknnum, fræðiritum og innlendu sem og erlendu leiðbeiningaefni. Jafnframt hefur það sýnt sig að ýmsir veikleikar eru í starfsemi lögaðila hvað viðkemur hættu á að starfsemi sé notuð við að þvætta fé. Hér á eftir eru nefnd dæmi um hættumerki sem tengjast peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka varðandi veðmál og spilakassa. Hafa skal í huga að þessi dæmi eru til viðmiðunar og ekki tæmandi. Þrátt fyrir að eitthvað af eftirfarandi hættumerkjum eigi við tiltekinn viðskiptavin getur það átt sér eðlilegar skýringar, en gefur þó tilefni til frekari skoðunar. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa því ávallt að meta áhættu með heildrænum hætti þar sem eitt hættumerki þarf ekki að færa viðskiptavin upp eða niður um áhættuflokk.

Misnotkun í veðmálastarfsemi og rekstri spilakassa.

Rannsóknir og dæmi hafa sýnt að brotamenn nýta sér slíka starfsemi til að þvætta ávinning ólögætrar háttsemi. Þekktir áhættuþættir í slíkri starfsemi snúa m.a. að:

- nafnlausum viðskiptum,
- mikilli notkun reiðufjár,
- auðvelt er að nýta starfsemina til að þvætta fé, þ.e. búa til rekjanleika fjármuna,
- hagræðingu úrslita,
- kaupum á vinningsmiða,
- tilraunum til að komast yfir eða ná stjórn á rekstraraðilum.

Helstu frumbrot

Ávinningur sem brotamenn þvætta með því að misnota veðmálastarfsemi og spilakassa stafar helst frá:

- Skattsvikum.
- Fjársvikum.
- Fíkniefnabrotum.

Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Aðilar sem hafa hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga er skylt að tilkynna öll grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar.

Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði greinarinnar um grun. Væri í þessu sambandi nægjanlegt að grunur kviknaði um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi hvort sem sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum eður ei.

Hættumerki í veðmálastarfsemi

- Viðskiptavinur virðist koma fram fyrir hönd þriðja aðila sem hann forðast að upplýsa hver er.
- Upplýsingar frá viðskiptavini reynast rangar (nafn, kennitala, tölvupóstur, símanúmer).
- Uppgefið kreditkort tengist ekki viðskiptavini.
- Viðskiptavinur er frá áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki.
- Viðskiptavinur er í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.
- Viðskiptavinur stofnar marga reikninga á mismunandi nöfnum en er með sömu IP tölu.
- Viðskiptavinur ver sig fyrir tapi með því að veðja jafnt á alla leiki, t.d. með því að veðja á heimasigur, útisigur og jafntefli.
- Viðskiptavinur leggur háar fjárhæðir inn á reikning sinn.
- Viðskiptavinur er þekktur brotamaður, hefur fengið dóm eða hefur stöðu sakbornings hjá lögreglu í málum sem geta verið frumbrot peningabættis.
- Viðskiptavinur eða fjölskylda hans hefur tengsl við þekkta brotamenn.

Hættumerki varðandi spilakassa

- Viðskiptavinur setur háa fjárhæð í spilakassa en spilar ekki fyrir fjárhæðina heldur fær hana greidda út strax eða eftir að hafa spilað fáa leiki.
- Viðskiptavinur hættir við að fá vinning greiddan út ef hann er beðinn um skilríki en kemur fljótlega aftur með minni vinning til að fá greiddan út sem ekki krefst skilríkja.
- Viðskiptavinur leysir út vinning fyrir þriðja aðila eða óskar eftir því að vinningur verði greiddur til þriðja aðila.
- Viðskiptavinur spilar fyrir mikla fjármuni en tekur litla áhættu.
- Viðskiptavinur greiðir fyrir þátttöku með erlendu reiðufé.
- Viðskiptavinur setur inn mikið magn af „litlum seðlum“ og tekur vinningsmiða út og biður um „stóra“ seðla.
- Viðskiptavinur vinnur en fer með vinningsmiða út af staðnum án þess að biðja um greiðslu.
- Viðskiptavinur nálgast aðra viðskiptavini gagngert til að kaupa vinningsmiða.
- Viðskiptavinur vill bæta reiðufé við vinningsmiða til þess að fá „hærri“ vinning greiddan út.
- Viðskiptavinur óskar eftir upplýsingum um reglur um peningabættistilkynningar.
- Viðskiptavinur vill ljúka viðskiptum með hraða án ástæðu.
- Viðskiptavinur afhendir gölluð, röng eða fölsuð gögn.
- Viðskiptavinur er þekktur brotamaður, hefur fengið dóm eða hefur stöðu sakbornings hjá lögreglu í málum sem geta verið frumbrot peningabættis.
- Viðskiptavinur eða fjölskylda hans hefur tengsl við þekkta brotamenn.

Nýjar áhættur (e. emerging risk)

Hér er vísað til nýrrar áhættu sem gæti komið fram og haft áhrif á hættuna á peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna. Um er að ræða nýjar mögulegar áhættur sem hafa ekki endilega komið fram áður á Íslandi, eru jafnvel lítt þekktar enn sem komið er, breytast hratt og hafa ekki haft neitt vægi. Mikilvægt er fyrir tilkynningarskylda aðila að vera vel vakandi fyrir nýjum og mögulegum áhættum því aðferðir við peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna þróast

hratt í heimi örrar tækniþróunar. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um nýjar áhættur:

- Notkun rafmynta (e. crypto) og nýjar greiðsluleiðir.
- Sjálfvirknivæðing og minni mannleg aðkoma eykur hættu á misnotkun.
- Gervigreind: Erfiðara að greina raunverulegan aðila að baki viðskiptunum.
- Hryðjuverkasamtök nota sífellt smærri, dreifðari fjármagnsflutninga til að komast hjá og sniðganga efnahagsþvinganir. Veðmálasíður og spilakassar eru notaðir til að safna smáum fjárhæðum á mörgun stöðum (e. micro collection).
- Breyttir spilakassar: Nýir spilakassar og veðmálakerfi geyma rafræn veski (e. e-wallets) eða stafræna punkta sem hægt er að hlaða inn og innleysa með takmörkuðum rekjanleika.

Hættumerki varðandi fjármögnun hryðjuverka og gereyðingavopna

Hingað til hefur hættu á fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna verið fremur lág á Íslandi. Með aukinni alþjóðavæðingu og sífelldri tækniþróun er þó full þörf á að vera á varðbergi hvað þessa þætti varðar. Séu veikleikar til staðar í tengslum við veðmálastarfsemi og spilakassa hér á landi er ljóst að brotamenn munu leitast við að nýta sér slíka veikleika fyrr en varir. Sem dæmi um hættumerki vegna fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingavopna má nefna notkun milliliða (e. smurfs) og hópa en þá skipta aðilar fjárhæðum niður og senda marga einstaklinga að setja inn fé í spilakassa eða á veðmálasíðum. Það er gert til að minnka líkur á að upphæðir fari yfir vöktunarmörk og flækir eftirlit. Slík aðferð geta verið notaðar við fjármögnun hryðjuverka þar sem hópar safna saman litlum fjárhæðum sem renna síðan saman erlendis.

Varnir gegn misnotkun

- Aukin fræðsla starfsfólks um skyldur á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og laga nr. 68/2023 um framkvæmda alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.
- Aukin fræðsla um áhættuþætti tengdum veðmálastarfsemi og spilakössum.
- Verklag, framkvæmd og innri endurskoðun sem tryggir vöktun spilahegðunar, áhættuflokkun viðskiptavina og fullnægjandi framkvæmd áreiðanleikakannana.
- Verklag og verkaskipting sem tryggir að tilkynnt sé um öll grunsamleg viðskipti.
- Aukin vitund um nýjar áhættur og ný hættumerki.

Hafðu samband við ríkisskattstjóra ef það eru einhverjar spurningar sem vakna um aðgerðir gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

